

BF athafnir á höfuðborgarsvæðinu - tímasetningar

BF athafnir dags og staður	Athafnir			Fjöldi gesta	Æfingar (daginn fyrir athöfn)		Ræðumenn
	Athöfn hefst	Mæting	Lengd *		Æfing hefst	Lengd	
31. mars, Háskólabíó	10:00 12:00 14:00	09:30 11:30 13:30	um 1 klst	9 per barn	09:00 11:30 14:00	2,5 klst fyrir þau sem koma fram, eitthvað styttra fyrir hin börnin	Katrín Oddsdóttir mannréttindalögfræðingur Katrín Oddsdóttir mannréttindalögfræðingur Ingrid Kuhlman leiðbeinandi og ráðgjafi hjá Þekkingarmiðlun
7. apríl, Salurinn í Kópavogi	10:00 12:00 14:00	09:30 11:30 13:30	45-50 mín	8 til 9 per barn	09:00 10:30 12:00	1,5 klst fyrir þau sem koma fram, eitthvað styttra fyrir hin börnin	Steinunn Anna Sigurjónsdóttir sálfræðingur á Litlu Kvíðameðferðarstöðinni
14. apríl, Háskólabíó	12:00	11:30	Tæplega 1 klst	15 -17 per barn	12:00	1,5 klst fyrir þau sem koma fram, eitthvað styttra fyrir hin börnin	Ingrid Kuhlman leiðbeinandi og ráðgjafi hjá Þekkingarmiðlun

* Strax eftir athöfn er hópmyndataka sem tekur um 20 mínútur.

Almennar upplýsingar um æfingarnar og athafnirnar

Það er mikilvægt að fermingarbörnin mæti á æfingarnar. Munið að mæta stundvíslega og komið staðráðin í að gera ykkar besta, fljótt og vel.

Allur hópurinn æfir inngöngu í sal, uppgöngu á svið, móttöku skjala, útgöngu af sviði og uppstillingu fyrir myndatöku. Að því loknu munu þau fermingarborn sem verða með atriði í athöfnunum, æfa sinn þátt en hinir mega fara heim.

Börnin sem eru með atriði eiga að koma með hljóðfæri, nótur, ávörp, ljóð eða annað sem nota á við athöfnina. Aukaeintak af ljóðum, ávörpum og nótum á að afhenda fermingarstjóra á æfingunni.

Við verðum með ráðleggingar varðandi nýja skó eða spariskó. Vinsamlegast mætið á æfinguna með þá skó sem þið munið nota í fermingunni til að venjast gólfinu og sviðinu.

Komist fermingarborn ekki, er æskilegt að foreldri eða forráðamaður komi í þess stað ef það er mögulegt. Æfingarnar hefjast stundvíslega og þá

eiga allir að vera sestir í sitt sæti í salnum. Listi með sætisnúmerum mun hanga uppi á æfingunum.

Hver athöfn í Háskólabíói þann 31. mars stendur yfir í um klukkustund. Athöfnin þann 14. apríl í Háskólabíói verður tæplega klukkustund. Athafnirnar í Salnum 7. apríl eru styttri: 45-50 mínútur.

Dagskráin í öllum athöfnunum lofar góðu. Flutt verða atriði í umsjá fermingarbornanna, t.d. tónlist, dans, ljóðalestur eða stutt ávörp. Í lok athafnanna munu fermingarbörnin fá afhent skjal sem staðfestir þátttöku þeirra í undangengnu fræðslunámskeiði.

Að hverri athöfn lokinni fer fram hópmyndataka sem tekur væntanlega um 20 mínútur.

Hópmynd og HD upptaka (DVD/BluRay/Stafrænt niðurhal)

Það er ennþá hægt að panta hópmynd og upptöku af athöfnunum. Meiri upplýsingar um það og pöntunarform er að finna hérna:

<http://sidmennt.is/ferming/bf-pantanir-2019/>